

Foreldrarölt

Tilkynningar og upplýsingar

- **SMS.** Götuviti er útideild okkar og er á vakt eða bakvakt föstudagskvöld á veturna. Þau bregðast við og koma ef þörf sé að þeirra mati s.s. vegna heimapartý eða hópsöfnunar. Það er afar góð regla að senda þeim sms við upphafi röltsins í símann þeirra 664-5555. Þannig hafa þau yfirsýn yfir hvar er rölt í bænum. Starfsmenn félagsmiðstöðva sinna þessu starfi.
- **112.** Ef mikið liggur við s.s. stjórnlaust heimapartý eða skýrt lögbrot eins og fíkniefnasala þá er hringt í neyðarlínuna og beðið um aðstoð lögreglu.
- **Skýrslur.** Gott er að skrifa skýrslu eftir hverja vakt hvort sem lítið hafi gerst eða mikið. Skýrslan lifir og aðstoðar aðra til að feta í fótspor ykkar. Það sem gerist á vaktinni og er skráð er hægt að nota til ýmissa umbóta verka. Við mælum með að forvarnafulltrúi, Geir geir@hafnarfjordur.is fái afrit sem og foreldrafélagið.
 - Með því að fá skýrslur höfum við upplýsingar sem geta til samans bent okkur á hættuleg svæði, svæði þar sem börn safnast saman á, svæði þar sem fíkniefnasala gæti átt sér stað, svæði sem eru illa upplýst eða svæði þar sem skemmdarverk eru unnin. Með þessum upplýsingum er auðveldar fyrir foreldrafélag og forvarnafulltrúa að bregðast við og koma skýrum skilaboðum til lögreglu, bæjaryfirvalda og annarra foreldra.
 - Síðast en ekki síst þá gefa skýrslur okkur, sem segja að röltið hafi ekkert séð og ekkert upplifað sem er neikvætt, líka mikilvægar upplýsingar s.s. um að börnin virði útivistartíma og vel sé hugsað um hverfið okkar.

Geir Bjarnason forvarnafulltrúi og Kristín Thoroddsen foreldrafélagi Setbergsskóla og foreldraráði Hafnarfjarðar.